

34

10. apríl

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hnífsdalsverzlunarstað.

Samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, hefir ráðuneytið gefið út eftirfarandi hafnarreglugerð fyrir Hnífsdalsverzlunarstað.

1. gr.

Hin löggilta höfn nær yfir skipalagi meðfram strendlengju verzlunarlóðarinnar. Þ. e. frá Skarfaskeri að utan, að innri takmörkum bryggjulandsins að innan.

2. gr.

Sveitarstjórn Eyrarhrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálanna.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og sér um viðhald og endurbætur á hvorutveggju, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Hafnarnefnd er skipuð fimm mönnum, og kys hreppsnefnd fjóra þeirra til tveggja ára í senn, en oddviti hreppsnefndar er sjálfkjörinn formaður hafnarnefndar, sé hann búsettur í Hnífsdal, að öðrum kosti kys hreppsnefnd, sérstaklega þar búsettan hafnarnefndarformann til tveggja ára í senn. Reikningar hafnarinnar skulu fylgja reikningum sveitarsjóðs og endurskoðast með þeim.

Heimilt er hreppsnefnd, að ráða hafnarvörð þegar þurfa þykir, eftir tillögu hafnarnefndar, og ákveða laun hans. Hafnarnefnd setur honum erindisbréf.

3. gr.

Daglegar framkvæmdir annast hafnarnefnd, en hafnarvörður sé hann ráðinn. Venjulega er skipum heimilt að leggjast að bryggju hafnarinnar í þeirri röð sem þau koma. Ef ágreiningur rís ræður hafnarvörður eða formaður hafnarnefndar í hverri röð skipin koma að bryggjunni.

4. gr.

Bannað er að láta kjölfestu, eða annað, sem grynningu getur valdið, falla niður eða láta útbyrðis nálægt bryggjunni. Hafnarvörður eða hafnarnefnd segir til hvar kasta megí kjölfestu eða öðru innan takmarka hafnarinnar.

5. gr.

Vörur, sem flytja á burt, má ekki flytja fram á bryggju né á þann stað, þar sem þær geta tafið umferð um bryggjuna, fyr en um leið og þeim er skipað út. Á sama hátt ber að flytja jafnóðum burtu vörur, sem skipað er upp við bryggjuna. Undanþágu frá þessu getur þó hafnarnefnd eða hafnarvörður veitt í hverju einstöku tilfelli, en aldrei má þó hindra umferð annara eða afnot af bryggjunni.

6. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri láta ræsta bryggjuna. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiðir allan kostnað, sem af því leiðir, og má taka kostnaðinn lögtaki.

34

10. apríl

7. gr.

Hvert skip, sem leggst við bryggjuna, skal í hvert skipti greiða bryggjugjald, sem hér segir:

Allt að 6 smalestir	brúttó 2 kr.	þó ekki yfir 10 kr. á ári
6 til 12	— — 3 — — —	15 — — —
12 — 30	— — 4 — — —	20 — — —
30 — 60	— — 5 — — —	35 — — —
60 — 150	— — 7 — — —	50 — — —
stærri skip	— — 10 — — —	100 — — —

Gjaldið greiðist fyrir hvern dag eða brot úr degi, sem skipið liggur við bryggju. Bátar undir 12 smalestir brúttó, sem heima eiga í Hnífsdal greiða hálf t gjald. Heimabátar greiða gjaldið 1. júlí ár hvert en önnur skip áður en þau fara úr höfn.

8. gr.

Öll skip sem fiskveiðar eða hverskonar aðra veiði stunda frá Hnífsdal eða leggja afla sinn á land innan takmarka hafnarinnar, skulu greiða 65 auru fyrir hver 1000 kg. af brúttó afla. Formaður greiði gjaldið af óskiptum afla í hvert sinn og aflaskipti fara fram, þó í síðasta lagi fyrir lok hvernar vertíðar. Formaður og kaupandi aflans ber hvor um sig ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Sé um það að ræða að skip leggi á land afla sinn til verkunar, greiðist gjaldið af honum eftir næstu grein og er þá sá, sem verkar fiskinn ábyrgur fyrir gjaldinu jafnt eiganda.

9. gr.

Af öllum vörum og munum, sem flutt er í land og úr landi innan takmarka hafnarinnar, skal í hvert skipti greiða vörugjald, sem hér segir:

a. Innlendar vörur útfluttar og innfluttar:

1. fl. Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kg.:

Saltfiskur verkaður og óverkaður, skreið allskonar, hrogn, beitusild og smokkur.

2. fl. Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kg.:

Gærur, kjöt, slátur og aðrar landbúnaðarafurðir sem ekki eru annarsstaðar taldar.

3. fl. Gjald 5 aurar fyrir hver 10 kg.:

Dúnn, fiður, ull, ullarvörur, hert skinn, harðfiskur og aðrar vörur sem miðaðar eru við þunga og ekki eru taldar annarsstaðar.

4. fl. Gjald 10 aurar fyrir hverja tunnu síldar.

5. fl. Gjald 50 aurar fyrir hverja tunnu lýsis.

34

10. apríl

6. fl. Gjald 10 aurar fyrir hverja kind og aðrar lifandi skepnur, nema hesta og nautgripi.
7. fl. Gjald 100 aurar fyrir hvern hest eða nautgrip.
- b. Erlendar vörur innfluttar og útfluttar:
 1. fl. Gjald 60 aurar fyrir hver 1000 kg.
Salt, kol og sement.
 2. fl. Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kg.:
Öll matvara.
 3. fl. Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg.:
Allar aðrar vörur sem miðaðar eru við þunga.
 4. fl. Gjald 5 aurar fyrir hvert stykki.
Tómar tunnur upp og óuppsettar og föt.
 5. fl. Gjald 25 aurar fyrir hvert stykki:
Ólíu og benzín í fötum.
 6. fl. Gjald 3 aurar fyrir hvert teningsfet:
Trjáviður og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

Allar vörur reiknast eftir þunga með umbúðum og telst hálf gjaldeining sem heil, en minni brotum sleppt.

Undanþegnar vörugjaldi eru: Umbúðir endursendar, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta, póstflutningur, farangur ferðamanna og vörur úr herskipi eða í. Ennfremur heimilast hafnarnefnd að undanþiggja vörugjaldi, vörur fluttar milli nærliggjandi héraða.

10. gr.

Vörugjald af innflutningi greiðist af móttakanda. Af útflutningi af sendanda vörunnar strax og upp- eða útskipun er lokið. Skilt er þó formanni skips sem ekki hefir allan farm sinn skráðan, að gefa strax skýrslu um flutninginn og standa innheimtumanni skil á gjaldinu, ef hann óskar þess. Ef formaður gefur ekki upp allan farminn á slíkri skýrslu, skal hann greiða tvöfalt gjald af hinu rétta vörumagni og sekt eftir ákvæðum um brot á reglugerð þessari. Sama gildir um hvern annan, sem neitar að gefa skýrslu eða gefur rangar eða villandi upplýsingar um þau atriði, sem máli skipta við ákvörðun gjalda samkvæmt reglugerðinni.

11. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð, sektir, leigutekjur o. fl. renni í hafnarsjóð Hnifsðals. Fé sjóðsins skal geymt og ávaxtað á sem haganlegastan hátt á ábyrgð hafnarnefndar, og má ekki verja til annars en til reksturs hafnarinnar og til viðhalds og endurbóta á hafnarvirkjunum.

12. gr.

Lóðir hafnarinnar leigir hreppsnefnd eftir tillögum hafnarnefndar, gjald fyrir þær og aðrar eignir sem hafnarsjóður kann að eignast, svo sem hús eða áhöld, skal ákveða með samningi.

13. gr.

34

Enginn má reisa bryggju eða önnur hafnarmannvirki við höfnina nema með leyfi hreppsnefndar sem ávallt fær tillögur hafnarnefndar áður en hún veitir slík leyfi. Bryggjugjald sem um getur í 7. gr. greiða þeir bátar jafnt sem nota slík hafnarmannvirki.

10. apríl

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10 til 400 krónum, nema þyngri refsing liggi við, samkvæmt almennum lögum. Öll gjöld og sektir samkvæmt reglugerð þessari hafa lögtaksrétt.

15. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lög-reglumál.

16. gr.

Hafnarsjóður Hnífsdals yfirtekur eignir og skuldir Lendingarsjóðs Hnífsdælinga.

17. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Alvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. apríl 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

35

um innflutning og sölu á trjáplöntum og trjáfræi.

11. apríl

Samkvæmt lögum frá Alþingi yfirstandandi árs, um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi trjáfræs, hefir ríkisstjórnin ein heimild til þess að flytja til landsins hverskonar trjáplöntur, og tekur sú heimild til plantna af öllum tegundum runna, nema rósa. Ennfremur tekur ríkisstjórnin að sér eftirlit með innflutningi á trjáfræi.

Skógrækt ríkisins er falið að sjá um innkaup og innflutning erlendra trjáplantna, eftir því sem þörf krefur, og geta menn snúið sér til skógræktarstjórans um kaup á þeim. Skógræktin selur plönturnar bæði í heildsölu og smásölu, en öll álagning skal ákveðin af ríkisstjórninni.

Samkvæmt framansögðu er því öllum öðrum en skógræktinni frá þessum